



# Litið yfir árið 2015

## Annáll Samtaka fjármálafyrirtækja

Janúar 2016



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

## EFNISYFIRLIT

Samstarf um rekstur sameiginlegra innviða .....	3
Áfrýjun ákvörðunar ESA um Íbúðalánasjóð .....	4
Fjármálavit og Evrópska peningavikan .....	5
Þingstörf .....	6
Verðbréfabópur .....	7
Stafræn tækni .....	9
Tölfræðivinna .....	10
SFF í fjölmiðlum .....	11
Fundir og málstofur .....	11
Fundir og málstofur árið 2015 .....	12
Öryggismál .....	13
Yfirlit yfir lagabreytingar sem varða aðildarfélög SFF .....	14
Lög 124/2015 Breyting á skattaumhverfi .....	14
Lög 33/2015 Breyting á skattaumhverfi .....	15
Lög 47/2015 Eftirlit með peningaþvætti flutt til héraðssaksóknara .....	16
Lög 49/2015 Breyting á ábyrgð og váttryggingarskyldu farsala skipa .....	16
Lög 57/2015 Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki — CRD IV .....	17
Lög 58/2015 Hert viðurlög brota á fjármálamarkaði .....	19
Lög 59/2015 og 60/2015 Losun fjármagnshafna .....	19
Lög 61/2015 Breyting á lögum um innstæðutryggingar .....	20
Lög 79/2015 Jafnrétti kynja á tryggingamarkaði .....	20
Lög 132/2015 Heimildir til kaupa á eigin bréfum .....	20

# Annáll SFF 2015

Hér eftir fylgir ágríp af helstu málum, sem SFF unnu að á liðnu ári, ásamt yfirliti yfir málefnafundum sem samtökin gengust fyrir. Verkefni ársins voru fjölbreytt, tengd hinum margvíslegu sviðum fjármála- og tryggingaþjónustu sem aðildarfélög SFF veita.

## Samstarf um rekstur sameiginlegra innviða

SFF-dagurinn árið 2014 var helgaður spurningum um hvað fjármálageirinn geti gert til þess að efla samkeppnishæfni íslenska hagkerfisins. Meðal ræðumanna voru sérfræðingar frá ráðgjafafyrirtækinu Oliver Wyman. Eitt af því sem þeir nefndu var að fjármálaþjónusta á Íslandi væri dýrari en gengur og gerist á Norðurlöndum. Í ljósi þessa væri nauðsynlegt að ráðast í uppstokkun á fjármálakerfinu til að efla samkeppnishæfni hagkerfisins alls. Bent var á að ef samkeppnisyfirlönd gæfu grænt ljós á samstarf fjármálafyrirtækja um rekstur stoðkerfa eins og bakvinnslu mætti ná fram umtalsverði hagræðingu og lækkun vaxtamunar.

Stjórn SFF ákvað í framhaldinu að fá Oliver Wyman til að gera úttekt á því hvernig staðið er að sameiginlegum rekstri grunnkerfa fjármálamarkaða í nágrannalöndunum og hvaða tækifæri séu til hagræðingar í þeim efnunum hér á landi.

Niðurstöður úttektarinnar lágu fyrir síðastliðið vor. Þar kemur meðal annars fram að þróunin erlendis hafi verið á þá leið að fjármálafyrirtæki hafi í auknum mæli tekið höndum saman um rekstur slíkra grunnkerfa og eftir atvikum úthýst verkefnum sem snúa ekki að grunnrekstrinum. Þessi þróun hefur verið drifin áfram af alþjóðavæðingu og tækninýjungum, auk þátta á borð við flóknara regluverk, sem leitt hefur til aukins kostnaðar. Eins og bent er á í úttektinni hafa minni bankar í Danmörku og Svíþjóð heimild til samstarfs á þessu sviði og hefur það leitt til lægri kostnaðar og eftir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart stærri bönkum. Sérfræðingar Oliver Wyman telja þarna sé að finna góða fyrirmynd fyrir íslenskt fjármálakerfi, en verði tækifærin á þessu sviði og öðrum ekki nýtt sé hætta á að íslenskir bankar verði undir í samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki.

---

Samstarf fjármálafyrirtækja um rekstur stoðkerfa gæti haft í för með sér verulega hagræðingu og styrkari samkeppnisstöðu íslensks hagkerfis í heild.

Tækifæri til aukinnar hagræðingar og eflingu samkeppnisstöðu er ekki bara að finna á bankamarkaðnum. Oliver Wyman bendir á að önnur fjármálafyrirtæki hafi einnig náð fram mikilli hagræðingu gegnum samrekstur grunnkerfa. Þannig hafa norsk tryggingafélög farið í samstarf um sameiginlegan tjónagagnagrunn. Samstarfið hefur skilað miklum árangri í að koma í veg fyrir tryggingasvik, sem svo hefur skilað sér í lægri iðgjöldum. Samkvæmt Oliver Wyman hefur þetta leitt til sparnaðar sem nemur um 3-5% af heildariðgjöldum norskra tryggingafélaga. Miðað við heildariðgjöld skaðatryggingafélaganna hér á landi árið 2014 væri um að ræða sparnað upp á 2,2 milljarða króna ef samsvarandi árangur næðist.

Þessi leið er samt sem áður ekki greið. Sænsk tryggingafyrirtæki hafa þróað með sér slíkt samstarf, en hins vegar fengu dönsk tryggingafélög ekki heimild frá stjórnvöldum til þess vegna persónuverndarsjónarmiða. Að sama skapi er því lýst í úttektinni hvernig verðbréfa- og kauphallarfyrirtæki hafi ráðist í samstarf og úthýst verkefnum í nágrannalöndunum til hagræðingar og eflingu samkeppnishæfni.

Að þessu sögðu leggja sérfræðingar Oliver Wyman til að stjórnvöld og fjármálafyrirtæki setji á laggirnar fagråd, sem fengi það hlutverk að kortleggja möguleika til samstarfs um rekstur grunninnviða fjármálaþjónustu, og eru þau mál til skoðunar nú.

Í framhaldinu kynntu fulltrúar SFF niðurstöður úttektarinnar fyrir Samkeppniseftirlitinu, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum, auk þess að funda með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um málið. Í byrjun nóvember var svo haldin ráðstefna með hagsmunaaðilum úr fjármálagæiranum, tæknigeiranum og stjórnsýslunni, þar sem farið var yfir efni skýrslu Oliver's Wyman.

SFF munu halda áfram að vinna að framgangi þessa máls á árinu 2016. Stjórnvöld hafa nú til skoðunar að skipa starfshóp, sem myndi kanna möguleika á samstarfi um rekstur sameiginlegra innviða á fjármálamarkaði.

## Áfrýjun ákvörðunar ESA um Íbúðalánasjóð

Í janúarlök áfrýjuðu SFF ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 16. júlí 2014 um starfsemi Íbúðalánasjóðs (ÍLS) til EFTA-dómstólsins. Ákvörðun ESA fól í sér að teknu tilliti til takmarkana sem íslensk stjórnvöld hafa sett starfsemi ÍLS, falli hún undir þjónustu í almannabágu skv. 2. mgr. 59. gr. EES samningsins. Takmarkanirnar fela í sér að ÍLS er ekki lengur heimilt að veita lán til íbúðarhúsnæðis þegar fasteignamat er hærra en 40 m.kr. Málflutningur fór fram í nóvember.

Ákvörðuninni var áfrýjað vegna þess að Íbúðalánasjóður nýtur viðamikils ríkisstuðnings í samkeppni sinni við fjármálafyrirtæki um veitingu almennra fasteignalána. Hann birtist meðal annars í formi ríkisábyrgðar á skuldum sjóðsins, undanþágu frá sköttum, s.s. tekjuskatti og sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki, engri arðsemiskröfu

Stjórnvöld  
gaumgæfa  
stofnun starfs-  
hóps um rekstur  
sameiginlegra  
innviða á fjár-  
málamarkaði og  
SFF munu fylgja  
málinu eftir.





og í beinum eiginfjárframlögum, en íslenska ríkið hefur lagt til um 50 milljarða króna til sjóðsins á undanförunum árum.

Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja er ekki hægt að una þessari niðurstöðu ESA. Sú takmörkun sem ESA leggur til á almennri lánastarfsemi ÍLS er óveruleg. Það sést glögglega þegar horft er til þeirrar staðreyndar að um 87% af eignum á Íslandi á árinu 2014 voru með lægra fasteignamat en 40 m.kr. Hlutfallið er 99% þegar horft er til eigna utan höfuðborgarsvæðisins.

SFF fallast ekki á þá skoðun að hægt sé að skilgreina almenna fasteignalánastarfsemi ÍLS sem nauðsynlega í þágu almannahagsmuna. Bankar og sparisjóðir hafa um áratuga skeið verið virkir þátttakendur í fjármögnun almennra lána til kaupa og fjárfestinga í íbúðarhúsnæði og á undanförunum árum hafa þessir aðilar veitt rúmlega 80% þeirra nýju lána sem runnið hafa til íbúðarkaupa. Það sem helst hefur takmarkað lánastarfsemi banka og sparisjóða á sviði íbúðalána undanfarna áratugi eru undirboð ÍLS og fyrirrennara hans í krafti ríkisstuðnings.

## Fjármálavit og Evrópska peningavikan

Í mars tóku SFF þátt í Evrópsku peningavikunni í fyrsta sinn. Evrópsku bankasamtökin standa fyrir Evrópsku peningavikunni, en markmiðið með henni er að vekja athygli á mikilvægi eflingu fjármálalæsis meðal ungmenna í Evrópu. Þátttakan í vikunni var notuð til þess að kynna Fjármálavit, en það er kennsluefni um fjármál, sem SFF hafa þróað fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla. Markmiðið er að Fjármálavit nýtist kennurum í grunnskólum í kennslu um fjármál, en það byggir á myndböndum og verkefnum þeim tengdum.

SFF fallast ekki á að almenn fasteignalánastarfsemi íbúðalánasjóðs sé nauðsynleg í þágu almannahagsmuna.



Um þúsund  
10. bekkinga  
fengu kynningu  
á Fjármálaviti  
og munu SFF  
halda verk-  
efninu áfram af  
auknum krafti.

Í peningavikunni heimsóttu á fjórða tug sérfræðinga úr aðildarfélögum SFF grunnskóla víðs vegar um landið og kynntu námsefnið. Um þúsund 10. bekkinga fengu þannig kynningu á Fjármálaviti og leystu verkefni tengd námsefninu á meðan vikunni stóð. Heimsóknunum var vel tekið, sem og námsefninu, af bæði kennurum og nemendum. Þessar góðu viðtökur endurspegluðust meðal annars í þeirri staðreynd að fjöldi grunnskóla óskaði eftir slíkum heimsóknum í framhaldinu. Kristín Lúðvíksdóttir stýrir verkefninu á skristofu SFF.

Eftir að Fjármálavit var kynnt til sögunnar hafa leiðbeinendur á vegum verkefnisins heimsótt 70 skóla um land allt og kynnt námsefnið fyrir 3.000 nemendum.

## Þingstörf

Árið 2015 lögfesti Alþingi ellefu frumvörp, sem varða starfsumhverfi aðildarfélaga SFF. Aftast í annálnum er að finna ítarlega umfjöllun um allar þessar breytingar. Hluti þeirra snúa að innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins í tengslum við viðamiklar breytingar á regluverki fjármálamarkaða í Evrópu.

Á undanförunum árum hafa íslensk stjórnvöld verið að innleiða fjölda nýrra ESB-tilskipanna, sem varða breytingar á umhverfi fjármálamarkaða. Þrátt fyrir að veigamikilið skref hafi verið stigið í þessu innleiðingarferli, þegar Alþingi samþykkti ný lög um fjármálafyrirtæki vorið 2015, þá er mikið verk framundan hjá stjórnvöldum við að ljúka lögfestingu þessara tilskipana.

Frumvörp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem voru samþykkt síðastliðið vor, ná til þátta eins og starfsleyfa fjármálafyrirtækja, lánveitinga, hæfisskilyrða, áhættustýringar, breytilegra starfskjara og eiginfjáruka svo dæmi séu nefnd. En það

sem fram undan er felur í sér enn frekari breytingar á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja.

Á vorþingi 2016 er gert ráð fyrir að ráðherra leggi fram á Alþingi annað frumvarp um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en það mun meðal annars fela í sér að Basel III staðallinn og CRD IV/CRR regluverkið verði að fullu innleitt. Þá er stefnt að því að ljúka innleiðingu á Solvency II tilskipuninni. Meginmarkmið frumvarpsins er að styrkja starfsemi váttryggingafélaganna með því að gera auknar kröfur til fjárhags váttryggingafélaga, m.a. með því að auka gjaldþolskröfur, auk þess sem meiri kröfur eru gerðar til stjórnarháttá váttryggingafélaga. Þá er stefnt að því að innleiða tilskipanir um rekstraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD), afleiðuviðskipti (EMIR), skortsölu, lög um lánhæfismatsfyrirtæki og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Það síðastnefnda tengist lausn á vandamálum sem komu upp varðandi stöðu EFTA-ríkjanna gagnvart hinu nýstofnaða Bankabandalagi Evrópusambandsins. Breytingin snýr að bindandi ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA á fjármálamarkaði og samstarf við evrópskar eftirlitsstofnanir.

Auk framgreinds stendur fyrir dyrum að innleiða tilskipanir um skuggabankastarfsemi, Mifid II, greiðslumiðlun, tilskipun um viðbúnað og skil og slit fjármálafyrirtækja, innstæðutryggingar. Þá hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið boðað heildarendurskoðun á lögum nr 161/2002 um fjármálafyrirtæki.



## Verðbréfabópur

Síðla árs 2014 skilaði verðbréfabópur SFF af sér skýrslu, sem innihélt 22 úrbótatilögur, en í henni voru 8 áhersluatriði, sem lagt var til að hefðu forgang. Árið 2015 var unnið að framgangi þessara úrbótatillagna og árangur hefur náðst á sumum sviðum.

Mikið verk er framundan hjá stjórnvöldum við að ljúka lögfestingu tilskipana er varða breytingar á regluverki fjármálamarkaða í Evrópu.



## Vel hefur miðað við umbætur á verðbréfamarkaði samkvæmt tillögum verðbréfhóps SFF.

Strax í desember eftir að skýrslan kom út var komið til móts við ábendingar hópsins um að ákvæði í hlutafélagalögum takmörkuðu eða a.m.k. sköpuðu réttaróvissu um heimildir félaga til að kaupa eigin bréf og stunda viðskiptavakt með bréf sín fyrir eigin reikning.

Verðbréfhópurinn lagði áherslu á að veita þyrfti lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta í verðbréfum á First North (markaðstorgi fjármálagerna/MTF) til jafns við verðbréf sem skráð eru á skipulegan markað. Þetta markmið náðist í júlí 2015 þegar lögfest var aukið svigrúm lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum. Heimild til kaupa á óskráðum eignum var 20%, en var aukin í 25% af hreinni eign. Hækkunin í 25% er bundin við bréf sem eru skráð á markaðstorgi fjármálagerna (MTF), en með því var ætlun löggjafans að hvetja fyrirtæki til að skrá sig þar. Um óskráð bréf (hvorki skráð á MTF eða í Kauphöll) gildir 20% markið áfram.

Verðbréfhópurinn benti á að reglum um upplýsingaskyldu á skuldabréfamarkaði væri ekki fylgt að öllu leyti af hálfu opinberra aðila og mikilvægt væri að efla meðvitund stjórnarsýslunnar um þessi mál og að stofnanir á borð við Seðlabanka Íslands, Íbúðalánasjóð, Fjármálaeftirlitið og stjórnarráðið haldi innherjalista. Eftir að skýrslan kom út hafa umræddar stofnanir og fjármála- og efnahagsráðuneytið sett sér innri reglur um þessi mál.

Veturinn 2015 var komið til móts við ábendingar um nauðsyn þess að jafna stöðu verðbréfafyrirtækja gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum, sem hafa leyfi til að stunda verðbréfavíðskipti, þannig að þau verði undanþegin staðgreiðslu skatts vegna verðbréfavíðskipta við uppgjör gagnvart viðskiptavinum sínum, líkt og bankar, sparissjóðir og lánaþyrirtæki hafa verið um árabil. Þá náðist í gegn breytingu á lögum um tekjuskatt, þannig að ekki þurfi að koma til innlausnar hlutdeildarskírteina við samruna sjóða.



## Stafræn tækni

SFF héldu áfram að vinna að útbreiðslu rafrænna skilríkja árið 2015. Þetta starf hvílir á viljayfirlýsingu sem SFF skrifuðu undir ásamt fjármála- og efnahagsráðherra sumarið 2014. Viljayfirlýsingin felur í sér áttak til að stórauka notkun rafrænna skilríkja á næstu árum og stefna að því að þau verði meginauðkenningarleið fólks í rafrænum viðskiptum og erindrekstri hvers konar.

Notkun rafrænna skilríkja jókst mikið í tengslum við skuldaniðurfellingu stjórnvalda á verðtryggðum lánum haustið 2014. Árið 2015 var hins vegar verið unnið að því að auka þjónustuframboðið. Í ársbyrjun 2016 voru um 190 stofnanir og fyrirtæki sem bjóða upp á notkun rafrænna skilríkja í samskiptum við viðskiptavini.

Fyrirsjáanlegt er að þjónustuframboðið aukist frekar á þessu ári. Við upphaf þessa árs varð hægt að reka erindi gagnvart fyrirtækjaskrá með rafrænum skilríkjum og hið sama gildir um samskipti við Ríkisskattstjóra.

Í desember var svo ákveðið að ráða tímabundinn verkefnastjóra til að hafa umsjón með frekari samstarfi um útbreiðslu rafrænna skilríkja.

Snemma á árinu áttu SFF í samstarfi við Icepro – samstarfsvettvang opinberra aðila og einkafyrirtækja um rafræn viðskipti – um undirbúning vinnu við útgáfu rafrænna reikninga tryggingafélaga. SFF áttu í samstarfi við tryggingafélögin um að hrinda verkefninu úr vör. Að því loknu tók Icepro við verkefninu í samstarfi við tryggingafélögin, sem svo hófu að gefa út rafræna reikninga um á nýliðnu ári.

---

Við upphaf þessa árs varð hægt að reka erindi gagnvart fyrirtækjaskrá með rafrænum skilríkjum og hið sama gildir um samskipti við Ríkisskattstjóra.





Samtökin  
annast tölfræði  
og hagtölugerð  
á hverju ári fyrir  
Evrópsku banka-  
samtökin og  
Evrópsku trygg-  
ingasamtökin.

## Tölfræðivinna

Sem áður sinnti skrifstofa SFF tölfræði- og hagtölugerð í umtalsverðum mæli á árinu sem var að líða. Mikill hluti þessarar vinnu tengist alþjóðasamstarfi. Samtökin annast tölfræði og hagtölugerð á hverju ári fyrir Evrópsku bankasamtökin og Evrópsku tryggingasamtökin og má finna þær tölur í samburðargagnagrunnum á heimasíðum þessara samtaka.

SFF hafa einnig um árabil tekið þátt í samstarfi með norrænu systursamtökunum um söfnun tölfræði um vinnumarkað fjármálafyrirtækja. Tölfræðin nær til kynjasamsetningar starfsmanna banka og sparisjóða á Norðurlöndum, starfsviða, launa og launaþróunar. Þá er einnig safnað upplýsingum um fjölda afgreiðslustaða. Bráðlega verða birtar upplýsingar vegna ársins 2014.

SFF hafa einnig fylgst grannt með tölfræðigreiningum, sem nokkur systursamtakanna hafa gert, m.a. um launamun kynja. Hin dönsku systursamtök SFF hafa umsjón með þessari vinnu og sjá jafnframt um birtingu gagnanna. Þau eru aðgengileg á vef þeirra. [Hér](#) má nálgast gögnin fyrir árið 2013.

Þá héldu SFF áfram að sjá um tölfræðisöfnun vegna vatnstjóna fyrir samstarfshóp um varnir gegn vatnstjóni. Ellefu fyrirtæki, stofnanir og samtök mynda samstarfshóp um varnir gegn vatnstjóni. Samstarfshópurinn telur að mjög megi draga úr vatnstjóni með fræðslu til almennings og aukinni þekkingu og fagmennsku iðnaðarmanna. Hópurinn hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig verjast megi vatnstjóni og er þær meðal annars að finna á vefsíðum tryggingafélaganna. Að hópnum standa Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Félag pípulagningameistara, ÍÐAN fræðslusetur, Mannvirkjastofnun, Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök um loftgæði, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., TM hf., VÍS hf. og Vörður tryggingar hf.

## SFF í fjölmiðlum

Samkvæmt greiningu Fjölmiðlavaktar CreditInfo voru Samtök fjármálafyrirtækja 120 sinnum til umfjöllunar fjölmiðla með beinum hætti árið 2015. Það er töluvert meira en árið 2014, en þá voru samtökin 86 sinnum til umfjöllunar. Hlutfallslega var því fjallað 40% oftar um samtökin árið 2015 en árið á undan.

Langstærstur hluti þessarar umfjöllunar eða um 90% fór fram í prent-og netmiðlum, en ljósvakamiðlar voru með um 8%. Sá ljósvakamiðill sem oftast fjallaði um málefni SFF var RÚV, en um 70% ljósvakafréttu voru í fréttatímum útvarps og sjónvarps. Sá prentmiðill sem fjallaði oftast um SFF var Morgunblaðið, en fréttirnar voru næstflestar í Viðskiptablaðinu.

Fjallað var 120 sinnum um SFF í fjölmiðlum árið 2015, 40% oftar en árið áður.



## Fundir og málstofur

SFF stóðu fyrir fjölda funda og málstofa árið 2015 eins og önnur ár. Málstofurnar eru haldnar fyrir starfsmenn aðildarfélaganna, en á liðnu ári settu þingmálin töluvert mark sitt á efnistökin á þeim. Á árinu stóðu svo SFF fyrir ráðstefnum um samstarf á sviði tölvuöryggismála, um innleiðingu IFRS-reikniskilastaðalsins, um Common Reporting Standard og sóknarfæri í sameiginlegum rekstri fjármálainnviða.

Þá tóku SFF þátt, með öðrum aðildarfélögum Samtaka atvinnulífsins, í ráðstefnum tengslum við umhverfisdag atvinnulífsins og menntadag atvinnulífsins sem og uppákomunni Tjald atvinnulífsins.

SFF-dagurinn var tileinkaður stafrænu byltingunni og áhrifum hennar á störf og stöðu fjármálafyrirtækja



Hinn árlegi SFF-dagur var svo tileinkaður stafrænu tæknibyltingunni og hvaða áhrif hún hefur á störf og stöðu fjármálafyrirtækja. Til þess að varpa ljósi á stöðu mála fluttu tveir erlendir sérfræðingar erindi og svo fóru fram pallborðsumræður með fulltrúum atvinnulífsins um tækifæri og áskoranir stafrænu byltingarinnar.

## Fundir og málstofur árið 2015

- Menntadagur atvinnulífsins
- Málstofa um öryggismál og tölvuárásir á fjármálafyrirtæki
- Málstofa um persónuvernd um váttryggingasvik
- Ráðstefna um samvinnu á sviði tölvuöryggismála
- Ráðstefna um IFRS 9
- Tjald atvinnulífsins
- Málstofa um drög að frumvarpi til nýrra laga um fasteignalán
- Umhverfisdagur atvinnulífsins
- Ráðstefna um CRS
- Ráðstefna um sóknarfæri í sameiginlegum rekstri fjármálainnviða
- Málstofa um Solvency II
- SFF-dagurinn
- Málstofa um rafrænar þinglýsingar



## Öryggismál

Öryggishópur SFF fundaði reglulega á árinu og vann að framgangi sameiginlegra hagsmunamála fjármálageirans í þeim efnunum. Meðal markmiða hópsins hefur verið að ná því fram að sérfræðingar í öryggismálum geti átt með sér samstarf og skipst á upplýsingum er varða árásir og aðrar ógnir vegna tölvuglæpa. Til þess að ná því fram óskuðu SFF eftir undanþágubeiðni frá Samkeppniseftirlitinu til slíks samstarfs.

Þann 28. maí stóðu SFF fyrir ráðstefnu sem var helguð samstarfi fjármálafyrirtækja og annarra aðila þegar kemur að baráttunni gegn tölvuglæpum. Auk starfsmanna aðildarféлага SFF var fulltrúum hins opinbera, sem starfa á þessum vettvangi með einum eða öðrum hætti, boðið á ráðstefnuna.

Á fundinum fór John Salomon, sérfræðingur frá Financial Services Information Sharing and Analysis Center (FS-ISAC), yfir hvaða leiðir menn hafa farið til að deila upplýsingum um árásir tölvuglæpamanna – svo sem eðli þeirra og uppruna – beggja vegna Atlantísala. Í öðrum hluta fóru fram pallborðsumræður þar sem að sérfræðingar fjármálafyrirtækja fjölluðu og ræddu við aðra fundargesti hvernig hægt sé að byggja upp slíkt upplýsingaskiptakerfi hér á landi og hvaða tálmar eru í veginum.

Í haust fengu svo SFF drög að frumvarpi um flutning netöryggissveitar ríkisins til ríkislögreglustjóra. Frumvarpið fól það meðal annars í sér að fjármálageirinn myndi ásamt öðrum geirum sem eru taldir heyra til þjóðhagslegra mikilvægra innviða fjármögnuðu rekstur sveitarinnar. SFF lýstu yfir ánægju með áformaðan flutning og aðgerða til þess að styrkja netöryggisveitina en gerðu hins vegar athugasemdir við fjármögnun hennar. Fleiri hagsmunadilar gerðu sömu athugasemdir. Þetta varð til þess að frumvarpið var ekki lagt fram.

Samtökin fögnuðu fyrirhuguðum flutningi netöryggisveitar til ríkislögreglustjóra, en gerðu athugasemdir við fjármögnun hennar.



# Yfirlit yfir lagabreytingar sem varða aðildarfélög SFF

árið 2015 á 144. og 145. löggjafarþingi

## 145. LÖGGJAFARÞING

Lög 124/2015

Breyting á skattaumhverfi

» <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0704.html>

Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (ýmsar breytingar).

Helstu breytingar í lögnum sem varða fjármálafyrirtæki eru þessar:

Verðbréfa-  
fyrirtæki verða  
undanþegin  
staðgreiðslu  
fjármagns-  
tekjuskatts líkt  
og önnur fjár-  
málafyrirtæki

### Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum

Með b. lið 18. gr. er gerð breyting á 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, þess efnis að verðbréfafyrirtækjum, líkt og bönkum, sparisjóðum og lánaþingum, verði bætt við upptalningu á þeim aðilum sem undanþegnir eru staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum og standi þeim því jafnfætis að því leyti.

### Samruni verðbréfa- og fjárfestingarsjóða heimill án skattalegra afleiðinga

Í 1. mgr. 5. gr. er heimilaður samruni verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, sbr. lög nr. 128/2011, án þess að það leiði til skattlagningar fyrir eigendur þeirra sjóða sem slitið er. Fáir eigandi hlutdeildarskírteinis einungis jafnvirði þess í hlutdeildarskírteinum í þeim sjóði sem við tekur hefur það ekki í för með sér skattskyldar tekjur. Ákvæðið er mjög til bóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa því í eldri skattfrákvæmd var litið svo á að við samruna sjóða væri einu verðbréfi skipt yfir í annað með innlausn á því fyrri og síðan með kaupum á nýju verðbréfi, með skattalegum afleiðingum, þ.e. uppgjöri tekjuskatts í staðgreiðslu m.v. það sem áunnist hafði við tímamark samruna. Sú aðferð gat leitt til óhagræðis fyrir hlutdeildarskírteinishafa og í sumum tilfellum til beins tjóns.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ef verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er breytt í hlutafélag skuli sú breyting hvorki hafa í för með sér skattskyldar tekjur hjá eigendum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðsins né félaginu sjálfu, enda hafi eigendur sjóðsins eingöngu fengið hlutabréf í félaginu sem gagnjald fyrir eignarhluti sína í þeim sjóði sem slitið var.

Lögin tóku gildi 28. desember 2015 og komu til framkvæmda 1. janúar 2016.

### Ferill málsins:

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=145&mnr=373>

# 144. LÖGGJAFARÞING

Lög 33/2015

Breyting á skattaumhverfi

» <http://www.althingi.is/alttext/144/s/1442.html>

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um fjársýsluskatt, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um búnaðargjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Helstu breytingar í lögnum sem varða fjármálafyrirtæki eru þessar:

- Dregið er úr skjölunarskyldu innlendra lögaðila samkvæmt nýlegum reglum um milliverðlagningu. Með breytingunni tekur skjölunarskyldan aðeins til viðskipta við tengda aðila sem eru heimilisfastir erlendis eða eru með fasta starfsstöð utan Íslands (3. gr.). Ákvæðið kom til framkvæmda 30. júní 2015.
- Framlengt er um eitt ár, eða út árið 2014, bráðabirgðaákvæði XLIV í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ákvæðið varðar skattalega meðferð á eftirgjöf skulda rekstrar- aðila (8. gr.). Ákvæðið kom til framkvæmda 30. júní 2015.
- Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu er hækkaður úr 18% í 20%, sbr. áður lögfestar hækkanir á tekjuskattsprósentum einstaklinga og lögaðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (4. gr.). Ákvæðið öðlaðist gildi 30. júní 2015 og kemur til framkvæmda við álagningu 2016 og á staðgreiðsluárinu 2015 eftir því sem við á.
- Rafeyrisfyrirtæki verða skattskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 165/2011 um fjársýsluskatt (13. gr.). Ákvæðið kom til framkvæmda 1. júlí 2015.

*Lögin tóku gildi 30. júní 2015 og koma til framkvæmda eftir því sem nánar greinir hér að framan.*

## Ferill málsins:

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=356>

Dregið úr skjölunarskyldu vegna milli- verðlagningar.

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu hækkar úr 18% í 20%.

Peningaþvættis-  
skrifstofa ríkis-  
lögreglustjóra  
verður flutt  
til héraðs-  
saksóknara.

Skip með meira  
en tylft far-  
þega skulu hafa  
vátryggingu.

**Lög 47/2015****Eftirlit með peningaþvætti flutt til héraðsaksóknara**

» <http://www.althingi.is/altext/144/s/1511.html>

Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum (skipan ákærvalds, rannsókn efnahagsbrotamála o. fl).

Samkvæmt lögnum flytur peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra til hins nýja embættis héraðsaksóknara, þegar því verður komið á laggirnar. Í millitíðinni verður peningaþvættisskrifstofan hjá embætti sérstaks saksóknara.

*Lögin öðlast gildi 1. janúar 2016.*

**Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=430>

**Lög 49/2015****Breyting á ábyrgð og vátryggingarskyldu farsala skipa**

» <http://www.althingi.is/altext/144/s/1516.html>

Lög um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum (ábyrgð farsala o.fl, EES-innleiðing).

Með lögnum er innleidd hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 383/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningasaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó. Með reglugerðinni eru tekin upp ákvæði Áþenusamningsins um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974, eins og honum var breytt með bókun frá 2002. Til viðbótar ákvæðum Áþenusamningsins er að finna í reglugerðinni ýmis ákvæði sem er ætlað að styrkja stöðu farþega við sjóslys, svo sem um bætur í tengslum við ferli-hjálpartæki, upplýsingagjöf farsala um réttindi farþega o.fl. Samkvæmt 4. gr. Áþenu-samningsins skal sérhvert skip, sem hefur leyfi til að flytja fleiri en 12 farþega, hafa vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar samkvæmt samningnum. Upphæð vátryggingar eða annarrar fjárhagslegrar tryggingar skal ekki vera lægri en 250.000 SDR (46.350.000 ISK miðað við gengi 13. ágúst 2015) fyrir hvern farþega í tengslum við sérhvert tilvik. Eftir að stjórnvöld hafa staðfest að skip hafi vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu skal gefa út skírteini fyrir skipið þar sem staðfest er að slík trygging eða aðrar fjárhagslegar tryggingar séu í gildi í samræmi við ákvæði samningsins.

*Lögin tóku gildi 14. júlí 2015. Ákvæði um bótaábyrgð flutningsaðila, koma til framkvæmda gagnvart skipum í flokki A frá 30. desember 2016 og gagnvart skipum í flokki B frá 30. desember 2018.*

**Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=672>



Lög um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignahlutir, eiginfjáraukar o.fl.).

Markmið laganna er að aðlaga íslenskan rétt nýju regluverki ESB á sviði fjármála- markaðar. Með lögunum er innleidd hér á landi tilskipun ráðsins 2013/36/EB frá júní 2013 um stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja og eftirlit með þeim (CRD IV). Breytingarnar snúa einkum að þeim ákvæðum sem fjalla um starfsleyfi, eftirlitskerfi með áhættu, virka eignarhluti, stjórn og starfsmenn fjármálafyrirtækja, innri stjórnarhætti, starfskjör og kaupaukastefnu fjármálafyrirtækis, stórar áhættuskuldbindingar, eigið fé o.fl. Þá er lagt til að sérstakur eiginfjárauki (e. capital buffer) verði innleiddur í íslenskan rétt sem felur í sér að fjármálafyrirtæki þurfa að halda eftir sem nemur 2,5% af áhættugrunni. Hér má sjá yfirlit yfir helstu breytingar:

#### Breytingar á VII. kafla laganna um stjórn og stjórnarhætti fyrirtækja

Með breytingunum er kveðið skýrar á um að stjórn fjármálafyrirtækis skuli bera heildarábyrgð á starfsemi þess. Það er því á ábyrgð stjórnar að settar séu nákvæmar reglur um stjórnarhætti og mun stjórn þess hafa eftirlit með því að reglunum sé fylgt og starfsmenn sæti viðurlögum ef þeir brjóta gegn reglunum. Þá er ekki lengur gerð sú krafa að stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar skuli hafa háskólapróf sem nýtist þeim í starfi heldur skuli þeir hafa lokið námi sem nýtist í starfi. Í stað þess að sömu aðilar skuli hafa óflekkað mannorð er gerð sú krafa að þeir hafi gott orðspor. Er þessi orðalagsnotkun meira í samræmi við framkvæmd Fjármálaeftirlitsins á hæfi framangreindra aðila.

#### Starfsleyfi

Gerðar eru breytingar á II. kafla laganna um starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Helstu breytingarnar varða 9. gr. laganna um afturköllun starfsleyfis:

- Í fyrsta lagi er lagt til að brot á ákvæðum laganna er varða laust fé og stórar áhættuskuldbindingar geti leitt til afturköllunar starfsleyfis.
- Í öðru lagi bætast þrjú nýir töluliðir við 9. gr. laganna:
  - Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til þess að afturkalla starfsleyfi fjármálafyrirtækis ef það uppfyllir ekki lengur einhver af þeim lögbundnu skilyrðum sem það þurfti að uppfylla lögum samkvæmt til þess að hljóta starfsleyfið.
  - Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til þess að afturkalla starfsleyfi fjármálafyrirtækis ef fjármálafyrirtæki getur ekki sýnt fram á að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitendum og innlánseigendum.
  - Heimilt verður að afturkalla starfsleyfi í heild eða að hluta ef fjármálafyrirtæki brýtur gegn skyldu sinni að viðhalda eiginfjáruka vegna kerfisáhættu.

FME veitt heimild til að afturkalla starfsleyfi ef fjármálafyrirtæki brýtur ákvæði um laust fé og stórar áhættuskuldbindingar.

Flöggunar-  
skylda á virkum  
eignarhlut mið-  
ast við þegar  
hlutur nær eða  
fer yfir: 20%,  
33% og 50%.

Fjármálafyrir-  
tæki skulu setja  
á stofn sérstaka  
áhættunefnd.

Eiginfjár-  
aukar vegna  
kerfisáhættu,  
sveiflujöfnunar-  
aukar og fastur  
verndunarauki  
lögfestir.

### **Breytingar á VI. kafla laganna um eignarhluti og meðferð þeirra**

Breytingarnar felast m.a. í því að tilkynna skal um breytingu á virkum eignarhlut þegar hann nær eða fer yfir 20%, 33% eða 50%. Samkvæmt núgildandi lögum er einungis kveðið á um að eignarhlutur þurfi að fara yfir fyrrgreind mörk. Ekki er því lengur skylda að tilkynna um breytingu við 25% mörk. Í CRD IV er einungis að finna hlutföllin 20%, 30% og 50% en skv. tilskipuninni má nota 33% hlutfall í stað 30% hlutfallsins. Með breytingunni eru íslensk lög um sama efni í samræmi við reglur Evrópuréttar.

### **Eftirlitskerfi með áhættu, áhættunefnd og áhættuþættir**

Samkvæmt 78. gr. laganna skulu fjármálafyrirtæki setja á stofn sérstaka áhættunefnd. Áhættunefnd ber að afla upplýsinga sem snúa að áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis og yfirfara þær og vera stjórn fyrirtækisins til ráðgjafar.

Einnig eru gerðar breytingar á 17. gr. laganna sem fjalla um störf áhættustýringar. Breytingarnar styrkja heimildir, óhæði og störf áhættustýringar. Fjármálafyrirtæki skulu hafa verkferla sem tryggja upplýsingaskipti á milli áhættustýringar og stjórnar vegna allra helstu áhættuþátta í starfsemi félagsins og breytingu á þeim. Áhættustýring skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýring skal fara fram í einingu sem er óháð öðrum starfseiningum en framkvæmdastjóri ræður yfirmann áhættustýringar. Lögð er áhersla á að yfirmaður áhættustýringar sé sjálfstæður stjórnandi og heyri ekki undir aðra yfirmenn en framkvæmdastjóra. Þá skal tryggt að yfirmaður áhættustýringar hafi milliliðalausan aðgang að stjórn. Honum verður ekki sagt upp störfum né hann færður til í starfi nema að fyrir fram fengnu samþykki stjórnar.

### **Kaupaukakerfi**

Þær breytingar sem gerðar eru á lögnum eru ekki í samræmi við CRD IV heldur miða breytingarnar að því að styrkja núverandi reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi. Hámark kaupauka á ársgrundvelli má ekki vera hærri en 25% af ársláunum starfsmanna, án kaupauka. Reglurnar gilda áfram um alla starfsmenn og verður áfram óheimilt að greiða stjórn og starfsmönnum eftirlitseininga kaupauka.

### **Breyting á X. kafla laganna um laust fé og eigið fé – nýir eiginfjárukar**

Lögfestar eru reglur um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, eiginfjáruka fyrir kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka og verndunarauka. Verndunaraukinn er fastur, 2,5% af áhættugrunni, og verður fjármálafyrirtækjum, sem ekki fá til þess undanþágu, skylt að halda hann á hverjum tíma. Aðrir eiginfjárukar verða settir á af FME við tiltekin skilyrði í efnahagslífinu eða starfsemi fjármálafyrirtækjanna að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs.

*Lögin tóku gildi 16. júlí 2015.*

### **Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=571>

**Lög um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o. fl.**

Helstu atriðin í lögnum sem geta varðað fjármálafyrirtæki eru eftirfarandi:

- Sektir sem lagðar eru á einstaklinga eru hækkaðar úr 20 milljónum í 65 milljónir.
- Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.
- Brot gegn reglum um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum geta varðað sektum eða fangelsi allt að 6 árum.

Lögin tóku gildi 16. júlí 2015.

**Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=622>

**Lög um stöðugleikaskatt og lög um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (nauðasamningar).**

Með lögum nr. 60/2015 er lögfestur einskiptis stöðugleikaskattur til að skapa forsendur fyrir losun fjármagnshafta án þess að raska efnahagslegum stöðugleika íslenska hagkerfisins. Lögin eru liður í áætlun um losun fjármagnshafta og voru lögfest samhliða lögum nr. 59/2015 um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki (nauðasamningar). Þeim lögum er ætlað að greiða fyrir gerð nauðasamninga fjármálafyrirtækja í slitameðferð og heimila Seðlabanka Íslands að veita viðtöku verðmætum í formi stöðugleikaframlags úr hendi skattaðila. Sú ráðstöfun stefnir að sama markmiði, þ.e. að mögulegt verði að afnema fjármagnshöft án þess að efnahags- og fjármálastöðugleika verði ógnað.

Lögin tóku gildi 16. júlí 2015.

**Ferill málsins um stöðugleikaskatt:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=786>

**Ferill málsins um nauðasamninga:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=787>

Sektir vegna brota á lögum á fjármálamarkaði hækka.

Stöðugleikaskattur lögfestur og lögum um nauðasamninga breytt vegna losunar fjármagnshafta.

Innstæður fjármálafyrirtækja sem hafa ekki starfsleyfi eru ekki tryggðar.

Vátrygginga-  
félögum bannað  
að mismuna  
á grundvelli  
kynferðis.

**Lög 61/2015****Breyting á lögum um innstæðutryggingar**

» <http://www.althingi.is/altext/144/s/1517.html>

Lög um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (undantekningar frá tryggingarvernd).

Lögfest er að innstæður fyrirtækja sem svipt hafa verið eða skilað hafa inn starfsleyfi sínu sem fjármálafyrirtæki njóti ekki verndar innstæðutryggingakerfisins, þ.e. Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Lögin tóku gildi 16. júlí 2015.

**Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=581>

**Lög 79/2015****Jafnrétti kynja á tryggingamarkaði**

» <http://www.althingi.is/altext/144/s/1518.html>

Lög um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (vörukaup og þjónusta).

Með lögunum er innleidd tilskipun 2004/113/EB frá 13. desember 2004 um beitingu meginreglunnar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að því er varðar afhendingu á vörum og þjónustu. Með gildistöku laganna verður hverskonar mismunur á grundvelli kyns við ákvörðun iðgjalds eða við ákvörðun bótafjárhæðar vegna vátryggingarsamnings eða samkvæmt annarri skyldri fjármálaþjónustu óheimil. Jafnframt skal kostnaður tengdur meðgöngu og fæðingu ekki leiða til mismunandi iðgjalda og bóta fyrir einstaklinga.

Lögin taka gildi 1. september 2015.

**Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=562>

**Lög 132/2015****Heimildir til kaupa á eigin bréfum**

» <http://www.althingi.is/altext/144/s/0749.html>

Lög um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (samþykktir o.fl.).

Lögfest var breyting á 2. másl. 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög varðandi heimildir fé-



laga til kaupa á eigin bréfum. Ákvæðið er í samræmi við tillögur verðbréfhóps SFF síðan í haust. Með breytingunni er eytt ákveðinni réttaróvissu um heimildir fjármála-fyrirtækja til að vera viðskiptavaki fyrir hlutafélag fyrir eigin reikning hlutafélagsins og um heimildir félaga til að kaupa eigin bréf með endurkaupaáætlun.

*Lögin tóku gildi 1. janúar 2015.*

**Ferill málsins:**

» <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=144&mnr=12>

---

**Breyttar heim-  
ildir til kaupa á  
eigin bréfum.**



**SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**  
Icelandic Financial Services Association

REYKJAVÍK 2016